

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um utanþjóðkirkjumenn, undirskrifuð af konungi 19. febrúar 1886 (A, nr. 4, bls. 16—23).

Lög um friðun á laxi, undirskrifuð af konungi 19. febr. 1886 (A, nr. 5, bls. 24—29).

Lög um friðun hvala, undirskrifuð af konungi 19. febr. 1886 (A, nr. 6, bls. 30—33).

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt í Feneyjum og um bann gegn innflutningi á ýms-um hlutum þaðan til Íslands, undirskrifuð af ráðgjafanum 23. febr. 1886 (A, nr. 7, bls. 34—35).

Auglýsing um að auglýsing stjórnarráðsins fyrir Ísland 21. septbr. 1885 skuli úr gildi felld, undirskrifuð af ráðgjafanum 23. febr. 1886 (A, nr. 8, bls. 36—37).

Brjef landshöfðingja um bráðabirgðalán handa Reykjavíkur kaupstað til vegagjörðar. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi Reykjavíkur kaupstað 3500 kr. bráðabirgðalán úr landssjóði til kostnaðar við vegagjörð inn að Laugunum, og á lán þetta að ávaxtast með 4 % á ári og endurborgast að fullu innan ársloka 1886, eða þegar er krafizt verður eptir þann tíma. 21
28. jan.

Brjef landshöfðingja til stjórnar söfnunarsjóðsins í Reykjavík um bráðabirgðaávöxtun á fje nefnds sjóðs. — Stjórn söfnunarsjóðsins í Reykjavík hefur með brjefi 1. p. m. farið þess á leit, að landshöfðinginn, samkvæmt 14. gr. samþykktarinnar fyrir tjeðan sjóð og staðfestingu landshöfðingja á henni, dags. 10. nóv. f. á., veitti samþykki sitt til þess, að leggja mætti fje sjóðsins til bráðabirgða í landsbankann, þegar hann væri kominn á fót, sem og að lána mætti það einstökum mönnum um allt að 6 mánaða tíma móti sjálfsskuldarábyrgð tveggja áreiðanlegra manna, þó svo, að upphæð sú, er þannig væri varið, aldrei næmi meiru samtals en 1000 kr. 22
8. febr.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið, að landshöfðinginn hjermeð veitir hið umbeðna samþykki, þó með þeim sjálfsagða fyrirvara, að það er að öllu leyti á ábyrgð stjórnar söfnunarsjóðsins, að sjálfsskuldarábyrgðir þær, sem lánað verður út á, sjeu í alla staði fulltryggjandi fyrir sjóðinn.

Brjef landshöfðingja um hallærislán handa Gullbringu- og Kjósarsýslu. — Með þessu brjefi var sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu veitt 2000 kr. lán til að afstýra hallæri í Vatnsleysustrandarhreppi. Lánið á að ávaxta með 4 % og endurborga það með $\frac{1}{8}$ árlega, eða á þann hátt, sem alpingi kann að ákveða. 23
20. febr.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurgjald á veittum sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi, 12. nóv. f. á., hafið þjer herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi í Húnavatnsýslu, þarsem hún áfrýjar til landshöfðingja úrskurði yðar, dags. 30. júní f. á., en með honum er úrskurðað, að Jón nokkur Guðmundsson á Núpi hafi með meira en 10 ára dvöl í Vindhælishreppi unnið sjer sveit þar, og að hreppur þessi þessvegna eigi ekki 24
24. febr.

1. dag aprilmán. 1886.